



Reykjavík, 11. nóvember 2025 /ÓI
USK25100299

Kjalarnes, Vík – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa


Lögð fram fyrirspurn S.Á.Á. sjúkrastofnana, dags. 20. október 2025, um að reisa sjúkrahús í landi Víkur á Kjalarnes, samkvæmt uppdr. ASK arkitekta, ódags.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Loftmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á landi Víkur borgarluta 9. Kjalarnesi og er að mestu á skilgreindu landbúnaðarsvæði (L1). Á syðsta hluta lóðarinnar er landnotkunin opið svæði (OP28) og um það liggur skilgreind gönguleið meðfram sjávarsíðunni.

Deiliskipulag/ Hverfissskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Vík á Kjalarnesi, samþykkt í borgarráði 4. október 2007, með síðari breytingu samþykkt í borgarráði 5. nóvember 2015.

Umsögn

Frá því árið 1991 hefur SÁÁ rekið meðferðarstöð á lóðinni Vík á Kjalarnesi. Ekkert deiliskipulag var í gildi fyrir lóðina fyrr en árið 2007 þegar samþykkt var deiliskipulag fyrir starfsemi meðferðarstofnunarinnar. Í deiliskipulaginu var ávarpað samræmi við landnotkunarskilgreiningu þágildandi aðalskipulags (AR 2001-2024), en lóðin var þá skilgreind sem svæði fyrir þjónustustofnanir.

Með gildistöku Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 (og síðar uppfærðu aðalskipulagi 2040) var landnotkun svæðisins breytt í landbúnaðarsvæði - til samræmis við aðliggjandi svæði og lóðir. Árið 2015 (eftir gildistöku AR 2010-2030) var svo samþykkt breyting á deiliskipulagi lóðarinnar og heimilaðar auknar byggingarheimildir fyrir meðferðarstöðina. Það er því ljóst að starfsemi meðferðarstöðvar SÁÁ hefur verið fest í sessi í deiliskipulagi með talsverðum byggingarheimildum.

Í fyrirspurn Ask arkitekta er óskað eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til frekari uppbyggingar á svæðinu, þ.e. byggingar sjúkrahúsálmu við núverandi meðferðarstöð og myndi þá starfsemi SÁÁ, sem í dag er á sjúkrahúsinu Vogu við Stórhöfða, flytjast á Kjalarnes. Samkvæmt frumdrögum Ask arkitekta, sem fylgja fyrirspurninni, væri um að ræða u.þ.b. 3400 m² í nýbyggingu sem er nærri tvöföldun á byggingarmagni lóðarinnar frá



Því sem nú er og umfram núverandi byggingarheimildir í deiliskipulagi. Auk þess má gera ráð fyrir að starfsemi sjúkrahúss geti í eðli sínu verið ólík og umfangsmeiri en starfsemi meðferðarstöðvar, sem heimild er fyrir í dag í deiliskipulagi.

Skipulagsfulltrúi telur því ljóst að til að fallast á áformin þurfi að breyta landnotkun svæðisins í aðalskipulagi og gera breytingu á deiliskipulagi til að heimila aukið byggingarmagn. Endurskoðun aðalskipulags á Kjalarnesi er í gangi og skipulagsfulltrúi gerir ekki athugasemd við að í þeirri endurskoðun verði landnotkun lóðarinnar breytt svo hægt sé að heimila byggingu sjúkrahúss á svæðinu, ef ósk þess efnis berst frá lóðarhafa.

Niðurstaða

- Starfsemi sjúkrahúss er ekki talin rúmast innan núgildandi starfsemisheimilda í gildandi aðal- og deiliskipulagi.
- Skipulagsfulltrúi tekur jákvætt í að landnotkunarheimild í aðalskipulagi verði breytt í yfirstandandi endurskoðun á aðalskipulagi á Kjalarnesi, ef lóðarhafi/landeigandi óskar.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur



Reykjavík